



Deildarfundur á Suðurnes

Reykjanesbær, 08.11.2018

Mættir: Tuttugu félagsmenn mættu frá Brunavörnum Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og ISAVIA í Keflavík ásamt varaformanni, meðstjórnanda, gjaldkera, framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra LSS og Gunnari Lindberg Baldurssyni fulltrúa laganevndar (sjá undirskriftalista).

1. Varaformaður LSS setur sjötta fund hringferðar stjórnar kl. 20:00. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynsir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Fulltrúi vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður: Almenn skoðun að góð vinna hefði átt sér stað og hægt sé að byggja á þessum tillögum.

4. Komandi kjaramál. Varaformaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

- Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktalagði sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.
- Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.



- Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðrétt skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.
- Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. Fyrirspurn um sjóðina. Fyrirspurn kom um réttindi hlutastarfandi í sjóðina. Umræða var um málið. Eins og staðan er í dag þá er úthlutun úr styrktarsjóði að lágmarki greitt 30% og síðan eftir starfshlutfalli eftir það. Í orlofssjóð ganga þeir sem eru í fullu starfi ganga fyrir í úthlutun fyrir sumarið þar sem að þeir sem eru í lægra starfshlutfalli greiða væntanlega iðgjöld í annað stéttarfélag sem veitir sömu þjónustu. Síðan er tímabilið opnað öllum og reglan eftir það og yfir vetrartímam, fyrstur kemur fyrstur fær. Reglur varðandi úthlutanir verða gerðar skýrari. LSS sendir upplýsingar um greiðslur iðgjalda til fulltrúa LSS frá hverri deild fyrir sig.

2. Kjaramál. Umræða um 8 kerfið, kosti þess og galla. Almennu eru menn sáttari við 12 tíma kerfið. Innleiðing á breytilegu 8 tíma kerfi hjá SHS hefur ekki gefið góða raun og er málið komið fyrir dómstóla. Verður að vera samkomulag beggja aðila sé farin þessi leið. Ekki einhliða ákvörðun vinnuveitenda eins og er í dag.

3. Umræður um sjúkraflutninga. Umræða um aukna tíðni sjúkraflutninga í starfi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Allt að 90% tímans færi í slíkan flutning. Starfið er að breytast. Almennu ósætti með kerfið sem gengur ekki og reynt verður að leiðrétt í kjarasamningum.

4. Þol- og þrekpróf. Fyrirspurn kom með aukna tíðni þrekprófa. ISAVIA vill taka þrekpróf 2var á ári. Þarf að vera skýrt í samningum. Almennur skilningur LSS er sá að ekki sé heimilt að taka þrekpróf oft en einu sinni á ári. Sé það gert skal það gert í samráði við starfsmenn og hækka þyrfti álagsgreiðslur í samræmi við það. Auk þess þarf að vera skýrt að starfsmenn geti æft á vinnutíma til að geta haldið sér í formi. Rætt var að þetta gæti verið liður í því að ógna starfsöryggi manna. ISAVIA getur þó rekið hvern sem þeir vilja, hvenær sem er óháð öðrum í sömu starfsgrein.

5. Auglýsing viðburða. Ábending kom með auglýsingu fyrir golfmótið að auglýsa það með góðum fyrirvara.



Varaformaður þakkar félagsmönnum góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 21:32

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS